

**Ársskýrsla  
undanþágunefndar grunnskóla  
2006-2007**

*September 2008*

Undanþágunefnd grunnskóla er skipuð samkvæmt þágildandi lögum nr. 86/1998 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra. Nefndin metur umsóknir skólastjóra um heimild til að lausráða starfsmann sem ekki hefur leyfi menntamálaráðherra til að nota starfsheitið grunnskólakennari.

Nefndin fyrir skólaárið 2006-2007 var þannig skipuð: Sigríður Lára Ásbergisdóttir, formaður og fulltrúi menntamálaráðuneytis, Kristín Aðalsteinsdóttir, fulltrúi Háskólans á Akureyri og Valgerður Eiríksdóttir, fulltrúi Kennarasambands Íslands. Varamenn voru: Erla Ósk Guðjónsdóttir, fulltrúi menntamálaráðuneytis, sem jafnframt er starfsmaður nefndarinnar, Guðmundur B. Kristmundsson, fulltrúi Kennaraháskóla Íslands og Rósa Ingvarsdóttir, fulltrúi Kennarasambands Íslands. Sú breyting var síðan gerð á nefndinni í mars 2005 að Rósa Ingvarsdóttir var skipaður aðalmaður í stað Valgerðar Eiríksdóttur og varamaður í hennar stað varð Þórarna V. Jónasdóttir. Áheyrnarfulltrúi var Kristinn Kristjánsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Skipunartímabil nefndarinnar var frá 6. febrúar 2003 til 5. febrúar 2007.

Skv. þágildandi *reglugerð um undanþágunefnd grunnskóla nr. 751/1998* skal nefndin senda menntamálaráðherra, og þeim sem tilnefna fulltrúa í nefndina, skýrslu um starfsemi nefndarinnar á liðnu almanaksári. Umsóknir um undanþágur og heimildir undanþágunefndar miðast hins vegar oftast við það að skólastjóra er veitt heimild að ráða til kennslu starfsmann án kennsluréttinda tiltekið skólaár. Allar skráningar í nýjum gagnagrunni, sem undanþágunefnd grunnskóla hefur tekið til notkunar, miðast einnig við heilt skólaár. Því er um margt eðlilegt að miða við skólaárið til að glöggva sig á þróun mála í grunnskólum frá einum tíma til annars.

Undanþágunefnd grunnskóla vekur athygli á að upplýsingar þær sem birtar eru í þessari skýrslu miðast við umsóknir frá 1. ágúst 2006 til og með júlí 2007 eða allt skólaárið 2006-2007.


Hér á eftir má finna nokkrar tölulegar samantektir. Til samanburðar eru upplýsingar fyrir tímabilið 2000-2005. Vakin er athygli á að í skýrslunni eru eingöngu þeir taldir sem **samþykktir** voru af nefndinni.

Alls voru teknar 549 umsóknir til afgreiðslu hjá undanþágunefnd grunnskóla vegna skólaársins 2006-2007. **Af þeim samþykkti nefndin alls 411 umsóknir** en synjaði 138.

Sbr. skýrslu nefndarinnar fyrir síðasta skólaár er hér um að ræða 6,4% fækkun samþykkttra umsókna milli ára.

Afgreiðsla umsókna						
	06/07	05/06	04/05	03/04	02/03	01/02
<b>Samþykktar af nefnd</b>	74,9%	77,7%	81,7%	81,4%	80,4%	74,3%

Samþykktar umsóknir eftir landshlutum							
	06/07	05/06	04/05	03/04	02/03	01/02	00/01
Reykjavík	72	72	84	122	162	133	130
Reykjanes	117	107	113	122	184	155	115
Vesturland	28	33	46	56	44	43	43
Vestfirðir	18	24	51	51	55	61	63
Norðurland vestra	24	30	33	57	60	54	56
Norðurland eystra	36	58	76	101	88	80	103
Austurland	47	42	54	63	61	54	49
Suðurland	69	73	70	95	64	64	75
<b>Samtals</b>	<b>411</b>	<b>439</b>	<b>527</b>	<b>667</b>	<b>718</b>	<b>644</b>	<b>634</b>
<b>Breyting í % á milli ára</b>	<b>-6,4</b>	<b>-16,7</b>	<b>-21</b>	<b>-7</b>	<b>11,5</b>	<b>1,6</b>	<b>18,3</b>



	06/07	05/06	04/05	03/04	02/03
<b>Leiðbeinendur í fjarnámi</b>	151	146	176	201	124

Umsækjendur í fjarnámi voru 36,7% samþykktura umsækjenda. Það er 3,4% aukning frá árinu áður.


Grunnmenntun umsækjenda er greind í 11 menntunarflokka:

1. Landspróf, gagnfræðapróf eða minni menntun.
2. Nám í framhaldsskóla án lokaprófs.
3. Stúdentspróf.
4. Starfsmenntun á framhaldsskólastigi.
5. Listnám.
6. Meistaránám, afmörkuð kennsluréttindi í listgrein.
7. Nám við háskóla án lokaprófs, stundum með einhverju námi í uppeldis- og kennslufræðum.
8. Nám til kennsluréttinda.
9. Háskólapróf á öðrum sviðum en þeim sem ná til kennslugreina grunnskóla, svo sem lögfræði, dýralækningar o.fl.
10. BA, BS, Ph.cand, MA, Cand.mag, Cand.phil, Cand.psyk og Dr. án fullnægjandi menntunar í uppeldis- og kennslufræðum, leikskólakennarar, þroskaþjálfarar og iðjuþjálfarar.
11. Prestar.

<b>Menntun leiðbeinenda samkvæmt menntunarflokkum</b>							
Menntunarflokkur	06/07	06/07	05/06	04/05	03/04	02/03	01/02
	Fjöldi	%	%	%	%	%	%
1	4	1,0	2,3	1,3	2,3	1,8	1,4
2	2	0,5	1,4	1,9	1,5	2,4	2,2
3	2	0,5	1,6	1,1	1,0	0,4	1,4
4	39	9,5	10,9	12,3	8,8	9,6	10,2
5	29	7,1	4,3	3,8	4,2	6,4	7,0
6	27	6,6	5,2	5,5	14,4	18,4	17,5
7	33	8,0	6,8	6,1	7,9	11,6	10,1
8	151	36,7	33,3	34,3	37,3	25,8	29,3
9	3	0,7	2,7	2,8	2,1	3,5	4,5
10	121	29,4	30,3	29,8	19,8	18,8	14,6
11	0	0,0	1,1	0,9	0,6	1,4	1,7
<b>Samtals</b>	<b>411</b>						

Af 411 umsóknum voru 301 umsóknir vegna kvenna og 110 vegna karla. Hér að neðan má sjá fjölda og hlutfall kvenna og karla eftir menntun í töflu- og súluriti.

<b>Hlutfall kvenna og karla eftir menntun</b>				
Menntunarflokkur	Kvæur		Karlar	
	Konur	%	Karlar	%
1	3	1,0	1	0,9
2	2	0,7	0	0,0
3	2	0,7	0	0,0
4	31	10,3	8	7,3
5	22	7,3	7	6,4
6	8	2,7	19	17,3
7	24	8,0	9	8,2
8	115	38,2	36	32,7
9	2	0,7	1	0,9
10	92	30,6	29	26,4
11	0	0,0	0	0,0
<b>Samtals</b>	<b>301</b>		<b>110</b>	



Þegar umsóknirnar eru flokkaðar eftir starfsreynslu umsækjenda kemur í ljós að flestir umsækjendur hafa starfsreynslu í eitt til tvö ár eða 135 umsækjendur. Nánari flokkun má sjá í töflunni hér fyrir neðan.

Starfsreynsla umsækjenda við kennslustörf:								
	06/07	06/07	05/06	04/05	03/04	02/03	01/02	00/01
	Fjöldi		%	%	%	%	%	%
6 ár eða meiri	52	12,7	13,7	10,3	18,6	16,7	17,5	16,7
3-5 ár	128	31,1	41,2	15,7	24,6	20,8	20,8	18,0
1-2 ár	135	32,8	17,5	49,7	32,5	32,9	31,8	32,6
Engin	96	23,4	27,6	24,3	24,3	29,7	29,8	32,6
<b>Samtals</b>	<b>411</b>							

Hér að neðan er tafla sem sýnir hvaða kennslugreinar var sótt um á síðasta skólaári. Hafa ber í huga að hver umsókn getur varðað fleiri en eina kennslugrein.

Skipting leiðbeinenda eftir kennslugreinum							
Almenn kennsla	116	Heimilisfræði	30	Náttúrufræði	13	Textílmennt	10
Bókasafnskennsla	3	Íslenska	28	Norska	2	Tónmennt	23
Bókfærsla	30	Íþróttir	4	Nýbúakennsla	2	Upplýsinga- og tæknim.	17
Dans	6	Kínverska	1	Samfélagsgreinar	11	Valgreinar	9
Danska	9	Kristin fræði	4	Sérkennsla	28		
Eðlisfræði	20	Leikræn tjáning	3	Smíði	19		
Enska	13	Listgreinar	5	Spænska	1		
Forfallakennsla	14	Lífsleikni	1	Stærðfræði	19		
Handmennt	6	Myndmennt	14	Sænska	1		

Skipting umsækjenda eftir aldri var eftirfarandi:

Aldur umsækjenda								
	06/07	06/07	05/06	04/05	03/04	02/03	01/02	00/01
	Fjöldi	%	%	%	%	%	%	%
20 ára og yngri			0,5					
21 - 30 ára	81	19,7	21,9	20,1	23,8	25,1	38,2	24,3
31 - 40 ára	139	33,8	30	34,5	34,9	37,5	34,5	38,5
41 árs og eldri	191	46,5	47,6	45,4	41,2	37,5	27,3	37,2
<b>Samtals</b>	<b>411</b>							

Reykjavík, 16. september 2008  
f.h. undanþágunefndar grunnskóla

Sigríður Lára Ásbergisdóttir, formaður